

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 6. mars 2020
UST202002-415/B.S.
10.05.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - skógrækt - Hallfríðarstaðir í Hörgárdal. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 26. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugað er að rækta skóg á 50 ha svæði í landi Hallfríðarstaða í Hörgárdal.

Í greinargerð kemur fram að eitt að markmiðum framkvæmdarinnar sé að binda kolefni í skóginum. Umhverfisstofnu vill benda á að á norðlægum slóðum er talið að mest kolefni sé bundið í jarðvegi, en röskun á yfirborði lands t.d. með plægingu getur leitt til aukinnar losunar á CO₂ og er ekki með vissu vitað hvenær trjágróður sem gróðursettur er í plógfarinu muni fara að binda kolefni svo nokkru nemi en það gæti tekið all mörg ár. Meðan svo er gæti gróðursetning þar sem landi er umbylt haft neikvæð áhrif í för með sér vegna losunar á CO₂ umfram bindingu í trjágróðri.

Umhverfisstofnun vill benda á að leggja ætti vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands til grundvallar þegar ræktunarsvæði eru valin til að unnt verði að forðast röskun svæða sem talin eru hafa sérstakt verndargildi.


Umhverfisstofnun telur mjög jákvætt að við skógræktina verður sérstaklega hugað að því að fella skóglendið að landslagi og að forðast verði að mynda beinar línur með gróðri og að efst á skógræktarsvæðinu verði gróðursett birki, gisið og óreglulega þannig að mörk skógar og lands utan hans verða mildari en ella hefði verið.

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin gæti leitt til aukinnar losunar á CO₂. Hins vegar telur stofnunin að með vönduðum vinnubrögðum við gróðursetningu þar sem tekið er tillit til landslags geti skógurinn verið jákvæð viðbót við ásýnd svæðisin.

Að teknu tilliti til ofagnreindra atrið telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Greinargerðin er stutt en þar er gerð góð grein fyrir framkvæmdinni og er notkun ljósmynda til skýringa með ágætum.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
sérfræðingur


Axel Benediktsson
sérfræðingur